

BORGARSTJÓRN 21. september 2021: Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stýrihóp eigenda SORPU, myglu í burðarvirki GAJA og nýja brennslustöð - R21090180

a) Er stýrihópur eigenda starfandi? Hann var formlega skipaður til að fylgjast með framkvæmdum og framvindu GaJa fyrir hönd eigenda 25. október 2013. b) Hver er fulltrúi Reykjavíkurborgar í honum? c) Hefur verið ákveðið að leggja hann niður? d) Hvenær var fundað síðast? e) Voru niðurstöður um myglu í burðarvirki sem lágu fyrir um GaJa í ágúst ræddar á stjórnarfundum 30. ágúst 2021? f) Er eitthvað fleira sem stjórnarformaður SORPU eða staðgengill borgarstjóra vill upplýsa (í fjarveru borgarstjóra) sem hefur farið úrskaiðis hjá SORPU og ekki hefur komið fram í fjölmiðlum? g) Hver er skoðun formanns stjórnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER)? Formaður stjórnar SORPU gegnir jafnframt stjórnarformennsku hjá eftirlitsaðilanum. h) Liggja fyrir niðurstöður um nýja brennslustöð og kostnað við hana eins og lagt var upp með í júní 2021 að ættu að liggja fyrir nú um mánaðarmótin?